

Fundargerð

Aðalfundur FHA haldinn 16. maí 2024 kl. 14:30

Auðbjörg Björnsdóttir setti fundinn með dagskrá og stakk upp á að Stefán Guðnasson yrði fundarstjóri og Ingibjörg Sigurðardóttir fundarritari, sem fundarmenn samþykktu. Alls voru 14 félagsmenn mættir á fundinn.

Dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta aðalfundar hefur legið á heimasíðu félagsins. Hún var samþykkt án athugasemda.

2. Skýrsla stjórnar

Guðmundur Kr. Óskarsson las *Skýrslu stjórnar Félags háskólakennara á Akureyri starfsárið 2023*, sbr. fylgiskjal. Guðmundur skýrði einstök atriði samhliða yfirferð yfir skýrsluna.

Nokkrar umræður spunnust um mögulega samstarf eða sameiningu FH og Félag prófessora í framtíðinni en Guðmundur Kr. taldi það ólíklegt á næstunni hvað sem framtíðin bæri í skauti sér. Þá var einnig rætt um kjararárðun launa hjá ríkinu á undanförunum áratugum og í framhaldi af því um hina svokölluðu „Leiðréttingu“ varðandi jöfnunar lífeyrisréttinda milli ríkisins og almenna markaðarins og vanefndir ríkisins hvað það varðar.

Skýrslan var samþykkt án athugasemda.

3. Endurskoðaðir reikningar

Guðmundur Kr. Óskarsson í fjarveru Ásu Guðmundardóttir, kynnti reikninga félagsins og skýrði frá fjárhag félagsins. Reikningar voru samþykktir án athugasemda.

4. Staðfesting á inntöku nýrra félaga

Inntaka hinna nýju félaga var samþykkt, með fyrirvara um að nafnalistinn sé réttur.

5. Ákvörðun um árgjald

Stjórn lagði til að félagsgjöld verði hækkuð upp í 1,2% af heildarlaunum félagsmanna til þess að safna í verkfallssjóð eins og FH og Félag prófessora hyggjast að gera.

Tillaga stjórnar var felld á grundvelli þess að það þjónaði ekki tilgangi að safna lítilli upphæð sem dygði einungis fáum starfsmönnum í stuttan tíma.

Önnur tillaga stjórnar um óbreytt árgjald var samþykkt.

6. Tillögur til lagabreytinga

Engar tillögur höfðu borist innan tilskilins frests þannig að þessi liður var ekki tekin fyrir sérstaklega.

7. Kosning stjórnar og formanns

Hjördís Sigursteinsdóttir bauð sig fram til endurkjörs sem formaður. Engin mótframboð bárust. Formaður var kosinn einróma.

Stjórnarkjör

Aðalmenn:

Helgi Freyr Hafþórsson og Ingibjörg Sigurðardóttir hafa verið aðalmenn. Helgi Freyr Hafþórsson bíður sig ekki áfram. Ingibjörg Sigurðardóttir og Stefán Guðnason hafa boðið sig fram.

Ingibjörg Sigurðardóttir og Stefán Guðnason voru kjörin til tveggja ára, án mótframboðs.

Varamenn:

Stefán Guðnason og Hrannar Már Hafberg hafa verið varamenn. Stefán Guðnason er ekki í framboði. Hrannar Már Hafberg hefur boðið sig fram áfram. Að auki hefur Heiða Kristín Jónsdóttir boðið sig fram.

Hrannar Már Hafberg og Heiða Kristín Jónsdóttir voru kjörin varamenn til eins árs, án mótframboðs.

Samþykkt einróma.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna ársreiknings

Eftirtaldir eru rétt kjörnir skoðunarmenn ársreiknings:

Ólafur Jónsson og Fjóla Björk Karlsdóttir eru skoðunarmenn.

Fjóla Björk Karlsdóttir og Ólafur Jónsson voru kjörin einróma.

Samþykkt einróma

9. Kosning samninganefndar/Samstarfsnefnd

Hjördís Sigursteinsdóttir, formaður, Guðmundur Kr. Óskarsson og Auðbjörg Björnsdóttir voru einróma endurkjörin.

Samþykkt einróma.

Hrannar Már Hafberg var kosinn varamaður.

Samþykkt einróma.

10. Önnur mál

Almenn umræða meðal félagsfólks

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan kl. 16:00.

Ingibjörg Sigurðardóttir, fundarritari